

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN ÞRIÐJUDAGINN

23. JÚNÍ 2020 KL. 17:15 Í HÖRPU



Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún lagði til að Gestur Jónsson hrl. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktá sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa eru skráðir 61.485 sjóðfélagar og er heildaratkvæðamagn þeirra 301.768.532.871. Á fundinn var mætt af hálfu 978 sjóðfélaga sem fóru með 28.273.322.203 atkvæða eða 9,37% heildaratkvæða.

Gestur greindi frá því að Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG væri á fundinum til að hafa eftirlit með kosningu og talningu atkvæða. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar (ávarp Ásdísar)

Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundarmenn. Ég vil byrja á að bjóða ykkur öll velkomin á ársfund Frjálsa sem að þessu sinni er haldinn í glæsilegum húsakynnum Hörpu. Vona ég að það fari vel um alla og að þeir sem það kjósa geti haldið 2 metra regluna.

Ný stjórnskipan Frjálsa og breytingar ársins

Á síðasta ársfundi gerðist sá merki atburður að í stjórn voru kosnir af sjóðfélögum 5 stjórnarmenn og 3 vara-stjórnarmenn en fyrir í stjórn voru 2 stjórnarmenn sem kosnir voru á ársfundi 2018. Starfsárið í ár var því það fyrsta hjá sjóðnum þar sem allir stjórnarmenn og allir varastjórnarmenn eru kosnir af sjóðfélögum.

Síðasta starfsár var fyrsta árið sem sjóðurinn var með eigin starfsmann en framkvæmdastjóri er nú ráðinn af stjórn og heyrir beint undir hana. Sem slíkur hefur hann m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með útvistun verkefna til rekstraraðila og þá hefur hann komið að viðræðum við rekstraraðila um lækkun kostnaðar.

Aðrar breytingar á milli starfsára eru þær að skipt var um endurskoðunarfyrtæki og er KPMG ytri endurskoðandi og þá var innri endurskoðun færð frá rekstraraðila til Deloitte. Markmiðið með öllum þessum breytingunum er að auka sjóðfélagalýðræði og minnka orðsporsáhættu sjóðsins.

Sú vegferð að skerpa á sjálfstæði Frjálsa og að auka gegnsæi við rekstur sjóðsins hófst fyrir allnokkru og verður sú vinna stöðugt í gangi.

Ávöxtun

Frjálsi skilaði mjög góðri ávöxtun á síðasta ári og þarf að fara allt til ársins 2003 til að finna betri raunávöxtun hjá Frjálsa 1. Frjálsi 1 sem er langstærsta og fjölmennasta leiðin með eignir í árslok um 140 milljarða í eigu tæplega 50 þúsund sjóðfélaga skilaði 12,4% raunávöxtun en raunávöxtun annarra leiða var frá 3,4% til 13,7%. Í tilviki Frjálsa Áhættu var um að ræða næsthæstu ávöxtun frá stofnun leiðarinnar 2008. Við samanburð á ávöxtun ber að hafa í huga að ólíkar fjárfestingastefnur gilda fyrir einstaka fjárfestingaleiðir en sjóðfélagar hafa val um hvaða leiðir þeir velja byggt á aldri þeirra eða viðhorfi til áhættu.

Í kynningu ársreiknings verður nánar farið yfir sögulega ávöxtun sjóðsins og ávöxtun það sem af er ári.

Hrein eign og stækkun

Sjóðfélagar Frjálsa eru orðnir rúmlega 60.000 og fjölgaði þeim um tæplega 1.500 á árinu 2019. Stærð sjóðsins um áramót var um 285 milljarðar og jukust eignir hans um 48 milljarða á milli ára. Árið 2019 greiddu 22.515 sjóðfélagar um 21 milljarð í iðgjöld til sjóðsins og hefur fjárhæð iðgjalda í sjóðinn aldrei verið hærri. Á árinu 2019 fengu tæplega 4.000 lífeyrisþegar greitt úr sjóðnum um 3,6 milljarða.

Frjálsi er 5 stærsti lífeyrissjóður landsins og í dag eru eignir sjóðsins rétt undir 300 miljörðum.

Fjárfestingar- og hluthafastefna

Frjálsi hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum. Einnig hefur sjóðurinn sett sér hluthafastefnu sem markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar Frjálsa er hægt að kynna sér á vefsíðu sjóðsins.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett til langs tíma en endurskoðuð a.m.k. árlega. Erlendar fjárfestingar hafa verið auknar verulega síðustu ár og sjóðurinn sannarlega ekki setið eftir í þeim efnum miðað við aðra lífeyrissjóði. Frá afnámi gjaldeyrishafta árið 2016 hefur vægi erlendra fjárfestinga aukist töluvert og er það stefna stjórnar að svo verði áfram.

Mikilvægt er að halda áfram að auka vægi erlendra eigna til að dreifa áhættu eigna sjóðsins og er stefnt að því að sú vegferð haldi áfram á næstu árum.

Sérhæfðar fjárfestingar

Frjálsi hefur um árabil fjárfest hluta af eignasafni sínu í sérhæfðum fjárfestingum. Sérhæfðar fjárfestingar fela oft í sér væntingar um góða ávöxtun en oft er áhættan að sama skapi heldur meiri en þegar fjárfest er t.d. í skráðum verðbréfum. Dæmi um sérhæfðar fjárfestingar eru framtaksfjárfestingar, fasteignafjárfestingar, fjárfestingar í innviðum og öðrum verkefnum.

Töluvert hefur verið rætt um eina af sérhæfðu fjárfestingum sjóðsins, fjárfestinguna í Bakkastakki en það félag heldur utan um eignarhluta 15 lífeyrissjóða, Íslandsbanka og erlends aðila í kísilveri PCC á Bakka. Gangvirði fjárfestingarinnar var lækkað um 700 milljónir þar sem gengið hefur verr en upphaflegar forsendur stóðu til. Þó er rétt að geta þess að lækkun á gangvirði er 451 milljón miðað við þá fjárhæð sem var fjárfest í verkefninu. Ekki er þó um endanlega niðurstöðu að ræða og margt getur breyst. Gangvirðisbreytingin nam um 0,25% af eignum árið 2019.

Halldór Friðrik Þorsteinsson stjórnarmaður Frjálsa áritaði ársreikning sjóðsins með fyrirvara vegna þess að ekki var greint frá varúðarniðurfærslu á Bakkastakki sérstaklega. Rétt er að taka fram að upplýsingar um fjárfestingar sjóðsins í ársreikningi, þ.m.t. í Bakkastakk, eru í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins og framsetningu flestra lífeyrissjóða sem tóku þátt í fjárfestingunni. Þess utan hefur Frjálsi birt viðbótarupplýsingar í ársreikningi frá hrúni um gangvirði hvern og einnar fjárfestingar sem ekki er með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. gangvirði skuldabréfa og hlutabréfa útgefin af Bakkastakki. Ytri endurskoðandi sjóðsins fór yfir framsetningu ársreikningsins í kjölfar fyrirvarans en komst að þeirri niðurstöðu að breytingin á gangvirði rúmaðist innan settra mikilvægismarka. Á þessum tímapunkti höfðu m.a. Almenni lífeyrissjóðurinn og þrír aðrir sjóðir, allir þátttakendur í fjárfestingunni í Bakka, gefið út ársreikning án þess að tilgreina breytingu á gangvirði á hlutabréfum Bakkastakks í sérstakri textaskýringu. Stjórn telur þó fullkomlega eðlilegt að upplýsa sem best um eignir sjóðsins og er vefur og facebook síðu sjóðsins m.a. hugsuð í þeim tilgangi.

Í dreifðu eignasafni er nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina, eða ávöxtun heildarsafnsins til lengri tíma. Rétt er að taka fram að áhættulausar fjárfestingar eru ekki til. Ætti fjárfesting að vera áhættulaus þyrfti hún að vera ríkistryggð hjá ríki sem ógerlegt væri að færi í greiðsluþrot.

Stjórn hefur síðustu ár lagt aukna áherslu á vandaða stjórnarhætti, orðspor og hæfni þeirra sem að fjárfestingarverkefnum standa og þeirra sem hafa aðkomu að þeim á einhvern hátt.

Sjóðfélagalán

Mikil aukning á eftirspurn eftir sjóðfélagalánum hefur verið jafnt og þétt frá árinu 2016 og var svo komið að sjóðfélagalánin voru komin yfir það viðmið sem stjórn setti sem hlutfall af eignum í ársbyrjun 2018. Var þá

gripið til ýmissa takmarkana á láns möguleikum eins og t.d. að lánin væru til kaupa íbúðarhúsnæðis eingöngu. Eftir ábendingar um óánægju hjá sjóðfélögum ákvað stjórn að breyta lánareglum og tóku nýjar reglur gildi í nóvember. Helstu breytingar eru að sjóðfélagar geta nú að nýju tekið verðtryggð lán með föstum vöxtum og óverðtryggð lán til endurfjármögnunar eða í öðrum tilgangi en að fjármagna kaup eða byggingu á íbúðarhúsnæði. Þessi breyting hefur mælst vel fyrir og kappkostar sjóðurinn að vera með samkeppnishæfa vexti á lánunum.

Samþykktarbreytingar

Fyrir fundinum liggja tillögur um samþykktarbreytingar bæði frá stjórn sameiginlega og eins ein breytingartillaga frá einum stjórnarmanni. Þá verður ein breytingartillaga borin upp en hún barst frá einum sjóðfélaga Frjálsa.

Stefnumótun

Á árinu vann stjórn sjóðsins að stefnumótun til næstu fimm ára. Stefnumótunarfundur var haldinn í september þar sem allir stjórnarmenn auk varastjórnarmanna tóku þátt í að móta stefnu sjóðsins til næstu ára.

Framtíðarsýn Frjálsa er að vera einn af öflugustu lífeyrissjóðum landsins, fremstur í ávöxtun, þjónustu og í stafrænni forystu. Þessum markmiðum á m.a. að ná með því að stefna að markvissri stækkun sjóðsins og lækkun rekstrarkostnaðarhlutfalls með aukinni hagkvæmni.

Með stafrænni forystu er átt við að Frjálsi sé leiðandi í að beita stafrænum lausnum í margvíslegri þjónustu og samskiptum. Flest úrlausnarefni og samskipti á að vera hægt að leysa rafrænt með notendavænum persónulegum og snjöllum hætti sem gerir sjóðnum kleift að sníða þjónustu og upplýsingagjöf sífellt betur að einstaklingum.

Rafrænar kosningar

Á síðasta ársfundi kom inn heimildarákvæði í samþykktir sjóðsins um rafrænar kosningar. Í stefnumótun sjóðsins til næstu ára var sett markmið um að Frjálsi tæki forystu í stafrænum lausnum í margvíslegri þjónustu og samskiptum. Stafrænar lausnir líkt og rafrænar kosningar eru sannarlega framtíðin en stjórn var sammála utan eins stjórnarmanns að fara varlega í þær breytingar sem rafrænar kosningar eru og vanda valið þegar kemur að lausnum og passa að ekki sé gengið á rétt þeirra sem ekki vilja eða jafnvel treysta sér ekki til að nota tæknina án aðstoðar. Nú þegar hafa a.m.k. 2 lífeyrissjóðir nýtt sér rafrænar kosningar með góðum árangri þ.e. EFÍA og Lífsverk, opinn sjóður fyrir háskólamenntaða. Báðir þessir sjóðir eru töluvert minni en Frjálsi og með einsleitari hóp sjóðfélaga og hjá öðrum sjóðnum er ein kennitala, eitt atkvæði.

Stjórn Frjálsa mun vanda valið þegar kemur að framkvæmd rafrænna kosninga. Undir liðnum önnur mál er kynning á væntri framkvæmd rafrænna kosninga.

Útvistun reksturs

Frjálsi hefur frá stofnun 1978 barist fyrir valfrelsi almennings í lífeyrismálum og verið öllum opinn sem séreignarsjóður og opinn valkostur fyrir þá sem búa við það frelsi að geta valið sér lífeyrissjóð til að greiða skylduiðgjöld í. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í rekstri hjá fjármálafyrirtæki. Það er mat meirihluta stjórnar að rekstrarfyrirkomulag sjóðsins hefur átt stóran þátt í þeirri velgengi sem sjóðurinn hefur notið allt frá stofnun. Aukning á sjóðfélagafjölda er einnig vísbending um að þetta rekstrarform höfði til þeirra sem eru að velja sér lífeyrissjóð auk aðlaðandi samsetningar á séreign og samtryggingu.

Hins vegar er það einnig mat stjórnar að mikilvægt sé að á því liggi enginn vafi að sjóðurinn sé sjálfstæður og samband hans við rekstraraðila sé aðeins byggt á faglegum grunni til þess föllnum að tryggja hagsmuni sjóðfélaga framar öllu öðru. Þær breytingar sem stjórn hefur farið í á liðnu ári eru því til þess fallnar að gera góðan sjóð enn betri. Rekstrarsamningur sjóðsins er í sífelldri skoðun með það að markmiði að hagræða, auka þjónustu og lækka kostnað. Stjórn Frjálsa og Arion banki sömdu um á árinu að umsýsluþóknun til Arion banka lækki um 1,5 punkt frá byrjun árs 2020 og hefur hún því þegar tekið gildi. Breytinguna á eftir að færa í rekstrarsamninginn vegna annarra breytinga sem eru í vinnslu á honum. Rekstrarsamninginn má finna á vefsíðu Frjálsa.

Þegar COVID-19 skall á og fyrirmæli stjórnvalda um fjöldatakmarkanir á vinnustöðum komu þurfti sjóðurinn að grípa til aðgerða sem kölluðu m.a. á lausnir í upplýsingatækni vegna fjarvinnu. Viðbótarrekstrarkostnaður sem af þessu hlýst mun Frjálsi ekki þurfa að bera þar sem hann er innifalinn í umsýsluþóknun sjóðsins.

Góðir fundargestir, mig langar að þakka ykkur traustið sem þið hafa sýnt sjóðnum í gegnum tíðina og langar að lokum að segja þetta:

Frelsi er göfugast allra mannréttinda og nú þegar kastljósi heimsins er varpað á skort á frelsi hjá ýmsum hópum sem enn þurfa að búa við skert mannréttindi og viðhorf þá finnum við hversu vel við erum sett sem búum við frelsi.

Frjálsi stendur fyrir frelsi, frelsi til að vera sjóðfélagi í sjóðnum, frelsi til að ráðstafa lífeyrissparnaði sínum milli samtryggingar og séreignar, frelsi til að velja fjárfestingaleið og frelsi til að fara úr sjóðnum. Frjálsi er ekki í gíslingu eins né neins heldur opinn frjáls lífeyrissjóður sem yfir 60.000 manns hafa valið að greiða í.

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa og Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, kynntu ársreikning Frjálsa 2019. Sjá [ársreikning 2019](#) og [glærur sem þeir studdust við í kynningum sínu](#).

Arnaldur fór yfir breytingu á hreinni eign og hreina eign til greiðslu lífeyris, þróun á stærð Frjálsa frá árinu 2000, skipt upp í séreign og samtryggingu, stærð Frjálsa í hlutfalli við íslenska lífeyriskerfið frá árinu 2000 til 2019 en sjóðurinn er 5,7% af lífeyriskerfi Íslands, þróun iðgjalda sjóðfélaga og launagreiðenda frá árinu 2010 til 2019, bæði fyrir séreignariðgjöld og lágmarksiðgjöld. Á árinu 2019 voru 22.515 greiðandi sjóðfélagar, sem var fækkun frá síðasta ári. Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi skylduiðgjald árið 2019 var 15.105, mun hærri en hjá samkeppnisaðilum sjóðsins. Heildarfjöldi sjóðfélaga á árinu 2019 var 60.075 manns og lífeyrisþegar voru 3.597. Arnaldur sagði að meðal annars mætti rekja mikinn fjölda greiðandi sjóðfélaga umfram samkeppnisaðila til vel heppnaðs sölu- og markaðsstarfs en einnig til þess að fólki finnist aðlaðandi að geta ráðstafað hluta af skylduiðgjaldi í séreign. Arnaldur fór yfir hreinar fjárfestingartekjur sem hækkðu mjög mikið á milli ára, voru 11.314 milljónir 2018 en 2019 voru hreinar tekjur 31.523 milljónir eða hækkun upp á 178,6%. Arnaldur fór yfir rekstrarkostnað, bein fjárfestingargjöld og óbein fjárfestingargjöld á árinu 2019 og í samanburði við aðra lífeyrissjóði. Arnaldur sagði að í fyrra hefði verið samið um verulega lækun á vörslubóknun sjóðsins og jafnframt hefði á þessu árið verið samið um að umsýslubóknun sjóðsins lækki um 1,5 prósentustig sem myndi skila sér í lækun kostnaðarhlutfalls. Önnur fjárfestingargjöld námu 19,3 milljónum og þar var fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna viðskipta með einstök verðbréf. Arnaldur sagði það sem gæti haft áhrif á kostnaðarhlutfall óbeinna fjárfestingargjalda væri hlutfall heildareigna lífeyrissjóða í sjóðum hjá sjóðastýringarfélögum og áherslur lífeyrissjóðanna í stýringu hverju sinni. Frjálsi stýrir eignum á virkan hátt og væri að jafnaði með heldur hærra hlutfall fjárfestinga í virkari sjóðum heldur en óvirkum. Óbeinu fjárfestingargjöldin sem hlutfall af hreinni eign hafi þó farið lækkandi hjá Frjálsa undanfarin ár og var 0,23% af í fyrra sem er aðeins undir meðaltali lífeyrissjóða sem var 0,27%. Arnaldur fór yfir heildarveltu Frjálsa á árinu og Covid-19 úrræði fyrir sjóðfélaga svo sem fyrirframgreiðslur viðbótarsparnaðar og greiðsluhlé lána. Alls hefðu 534 nýtt sér úrræði um fyrirframgreiðslu viðbótarsparnaðar og 84 nýtt sér úrræði um greiðsluhlé lána.

Að lokum fór Arnaldur yfir efnahagsreikning, sjóðstreymi og breytingu á hreinni eign fyrstu fimm mánuði ársins. Hann sagði frá því að á árinu 2008 hefur Frjálsi birt sundurliðun á verðbréfum í ársreikningi og ársfjórðungslega á vefsíðu.

Arnaldur sagði að tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda væri mikilvægasti mælikvarðinn á stöðu þeirra og væri Frjálsi aðeins einn af sjö lífeyrissjóðum á landinu með jákvæða tryggingafræðilega stöðu, en eignir voru 1,6% hærrí en skuldbindingar, en Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins myndi gera nánari grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun og eignasamsetningu Frjálsa á árinu 2019 ásamt þróun markaða. Raunávöxtun 2019 var eftirfarandi: Frjálsi Áhætta 13,7%, Frjálsi 1: 12,4%, Frjálsi 2: 7,5%, Frjálsi 3: 3,4% og tryggingadeildin 11,9% raunávöxtun á markaðsvirði en 11,7% á bókfærðu virði. Hjörleifur sýndi ávöxtun leiðanna niðurbrotna á eignaflokkum. Erlend hlutabréf gáfu stærstan hluta ávöxtunarinnar hjá öllum leiðum nema Frjálsa 3 og tryggingadeild, þar voru innlend skuldabréf að gefa stærstan hlut ávöxtunarinnar. Hjörleifur fór yfir langtímaávöxtun sjóðsins og samanburð á ávöxtun Frjálsa gagnvart samanburðarsjóðum. Farið var yfir eignasamsetningu Frjálsa og gerð grein fyrir helstu breytingum á árinu 2019. Aukning átti sér stað í erlendum eignum þ.e. í hlutabréfum og öðrum eignaflokkum. Vægi erlendra eigna í heild sinni var í lok árs um 28% fyrir sjóðinn í heild. Innbyrðis í skuldabréfasafni var nokkur tilfærsla frá ríkisbréfum yfir í bréf sem gefa hærri ávöxtun. Hjörleifur fór yfir sundurliðun innlendra skuldabréfa, hlutabréfa og erlendra verðbréfa ásamt því að fara yfir yfirlit um sérhæfðar fjárfestingar og benda á grein inn á vefsíðu sjóðsins frá 4. júní 2020 um sérhæfðar fjárfestingar Frjálsa. Dæmi er um fjárfestingar eins og kísilverin United Silicon og á Bakka sem ekki hafa gengið vel en segja má að sérhæfðar fjárfestingar hafa gengið vel á síðustu árum.

Að lokum fór Hjörleifur stuttlega yfir þróun markaða það sem af er ári 2020 og ávöxtun leiðanna frá áramótum. Árið fór nokkuð vel af stað þrátt fyrir miklar og erfiðar markaðsaðstæður en Hjörleifur benti á að um stutt tímabil væri að ræða og mikil óvissa.

Umræður

Yngvi Óttarsson – gerði athugasemd við að hafa ekki fengið að leggja fram glærur á ársfundi sem hann óskaði eftir tæpri viku fyrir fundinn en reglur sjóðsins um framkvæmd hans gera ráð fyrir að glærur séu sendar sjóðnum eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir ársfund. Yngvi kynnti samanburð á ávöxtun samtryggingardeilda, kostnaði og veltu Frjálsa, Almenna og LIVE frá 2015-2017. Yngvi rifjaði upp samanburð á ávöxtun og kostnaði sjóðanna sem sjóðfélagi fór yfir á ársfundi 2018 sem og viðbrögð sjóðsins. Hann gerði athugasemd við að á ársfundinum í fyrra hefði eingöngu verið kynntur samanburður á kostnaðarhlutfalli Frjálsa, Lífsverks, Almenna og Íslenska lífeyrissjóðsins. Í samanburði Yngva kom fram að raunávöxtun

samtryggingardeilda Frjálsa á ársgrundvelli á 3ja ára tímabilinu hafi verið 5,4%, Almenna 6,6% og LIVE 7,3%. Kostnaðarhlutfall Frjálsa var 0,59%, Almenna 0,45% og LIVE 0,44%. Velta Frjálsa var 53% af heildareignum, Almenna 17% og LIVE 13%.

Yngvi spurði stjórn hvort það sé að hennar mati ásættanlegt að ávöxtun Frjálsa væri 1,2% undir Almenna og 1,9% undir LIVE og rekstrarkostnaður 0,14% hærrí? Hverjar hún teldi ástæðurnar fyrir því og hvað hún teldi rétt að gera til að bæta úr?

Gestur Jónsson, fundarstjóri, gat þess að fyrir fundinn, að beiðni Yngva, hefði verið leitað afstöðu hans til þess hvort birta mætti glærurnar á ársfundinum. Hann áréttaði að þegar sjóður eins og Frjálsi starfi þá beri að virða lög í landinu, samþykktir lífeyrissjóðsins og þær reglur sem stjórn hefur sett um ársfundinn sem ekki stangast á við lög og samþykktir. Í reglum um ársfund segi: „1. Óski sjóðfélagar eftir að bera upp mál eða tillögur á fundinum og styðjast við glærukynningar eða sambærilegt efni, skal slíkt stuðningsefni sent framkvæmdastjóra sjóðsins rafrænt með góðum fyrirvara og ekki síðar en fimm virkum dögum fyrir ársfund.“ Gestur kvað ljóst að fresturinn hafi verið runninn út þegar glærurnar voru sendar sjóðnum.

Halldór Friðrik sagðist hafa verið á móti reglum um umræddan frest. Hann hafi upphaflega átt að vera 2 dagar en var lengdur í 5 daga. Hann sá ekki ástæðu fyrir því og sagði þetta í ætt við ritskoðun. Halldóri fyndist stjórnin ekki þurfa að hræðast glærur frá sjóðfélögum. Hann sá eftir að hafa skrifað undir þessar reglur, það hefði farið eitthvað framhjá honum. Ef þessi fyrirvari gilti gagnvart sjóðfélögum þá fyndist honum eðlilegt að það gilti um aðra einnig.

Halldór óskaði betri útskýringa á breytingu á gangvirði fjárfestingar í Bakkastakki. Skuldabréfið var fært niður um 50% og hlutabréfin um 99%. Niðurfærslan hefði verið rúmlega 700 milljónir kr. en 450 milljónir tap skv. glærunni. Hann óskaði eftir skýringu á mismuninum.

Hjörleifur fór yfir niðurfærsluna. Hann sagði að 450 millj. krónur væri lækkun á gangvirði m.v. upphaflega fjárhæð fjárfestingar. Skuldabréfið hefði borið vexti og hækkað í verði eftir að fjárfestingin átti sér stað. Niðurfærslan hefði því numið um 700 millj. kr. m.v. verðmæti hlutabréfanna og skuldabréfanna þegar niðurfærslan átti sér stað.

Sæmundur Norðfjörð sagði að fyrir síðasta ársfund Frjálsa hefði verið leitað til hans og skorað á hann að bjóða sig fram í stjórn Frjálsa en hann hefði talið hyggilegra að bjóða sig fram í varastjórn því hann taldi betra að læra að ganga áður en hann færi að hlaupa. Nú væri hann orðinn göngufær og gleðst yfir þeim góða árangri sem

náðist á síðasta ári og eins og hefði komið fram var 2019 mjög gjöfult. Það skyggði þó aðeins á að LIVE og Almenni hefðu gert betur en Frjálsi. Sæmundur velti fyrir sér hversu vel Frjálsi hefði staðið sig síðustu ár. Það væri ekki létt verk að finna út úr því en til að kanna það nánar skoðaði hann rannsókn Gylfa og Hallgríms Óskarssonar um alla lífeyrissjóði. Við samanburð á ávöxtun samtryggingardeilda sjóðanna fyrir tímabilið 1997-2018 hefði komið í ljós að Frjálsi væri í 17. eða 19. sæti, Almenni í næstneðsta sæti en sigurvegarinn væri LSBÍ. Þetta teldist ekki góður árangur hjá Frjálsa yfir langt tímabil. Mikilvægt væri að átta sig á því að séreign væri stór hluti hjá Frjálsa. En hvernig gengi frjáls séreign? Það væri flóknari samanburður en kæmi í ljós að þar væri Frjálsi í 15. sæti. Sæmundur sagði að þetta gæti ekki talist sérstakur árangur. Sæmundur sagði að horfast þyrfti í augu við að við hefðum verið að spila í annarri deild. Samkvæmt upplýsingum frá LSBÍ sé lítið átt við safnið og árangurinn sé þó góður. Þess háttar íhaldssemi ætti Frjálsi að temja sér frekar en að velta safninu svo mikið. Rannsóknir bendi til að virk stýring sé ekki árangursríkari en óvirk stýring hvort heldur sem horft er til skemmri tíma eða lengri tíma. Sæmundur taldi að sameina ætti Frjálsa og Almenna sem væru svipaðir sjóðir að stærð og umfram allt ætti að losa Frjálsa úr sögulegum viðjum bankans. En sumir segja betra að hafa samkeppni. Þá vildi Sæmundur hætta að velta safninu, það væri hins vegar sjálfsagt mál að borga aukakostnað ef Frjálsa tækist að ná betri árangri en samkeppnissjóðum. Sérhæfðar fjárfestingar, vogunarsjóðir eru í eðli sínu dýrir. Frjálsi væri þegar byrjaður að fjárfesta í vísitölusjóðum og rétt væri að draga sig meira út úr virkum sjóðum. Framundan væri erfitt ár, efnahagsspár erfiðar, hver króna í kostnað muni veða meira en í góðu árferði. Sæmundur sagði að 9 ára dóttir sín hefði spurt hann hvort hann ætlaði að vera vondur kallinn á fundinum, en hann vildi reyndar meina að hann væri að gera sjóðnum gott með þessu. Að lokum óskaði Sæmundur sjóðnum góðs gengis og þakkaði fyrir sig. Ásdís sagði að stefna stjórnar væri að lækka kostnað og það hefði verið unnið ötullega að lækkun hans. Þá fannst henni ekki við hæfi að segja að hringlað væri með fjárfestingarstefnu sjóðsins, heldur væri stefnan yfirfarin reglulega og skoðað hvort eitthvað vantaði upp á í hverjum flokki fyrir sig. Markmið fyrir síðustu tvö ár hefði verið að auka erlendar fjárfestingar og rétt væri að vera vakandi yfir því hvar tækifæri leynast sagði Ásdís.

Arnaldur sagði Stefán Sveinbjörnsson þáverandi fulltrúa endurskoðunarnefndar LIVE, sem einmitt væri í samkeppni við Frjálsa, hafa kynnt samanburð á ávöxtun og kostnaði Frjálsa og þriggja annarra sjóða á ársfundi Frjálsa fyrir tveimur árum. Þar sem glærurnar hefðu ekki verið sendar sjóðnum fyrir fundinn hefði ekki gefist tækifæri til að bregðast við samanburðinum á fundinum. Arnaldur sagði að sjóðurinn hefði fengið ráðgjafafyrirtækið Analytica til að rýna í tölurnar og þær upplýsingar sem hann kynnti. Í skýrslu Analytica, sem væri á vefsíðu sjóðsins, kom í ljós að samanburður Stefáns á ávöxtun og kostnaði þessarra fjögurra lífeyrissjóða hefði verið mjög villandi og misvísandi. Borin var saman ávöxtun samtryggingardeilda sem eru með mismunandi uppgjörsaðferðir á skuldabréfum sínum þar sem sumir gera þau upp á markaðsvirði en aðrir á

kaupkröfu. Algjört grundvallaratriði væri að leiðrétta þarf ávöxtun fyrir markaðsvirði til að ávöxtunartölur væru samanburðarhæfar. Einnig voru ýmsar tölur sem vörðuðu kostnaðinn rangar í kynningu Stefáns, en rétt væri að kostnaðarhlutfall Frjálsa var hærra en samanburðarsjóðanna en ávöxtun Frjálsa var engu að síður góð miðað við umrædda sjóði þegar búið var að leiðrétta ávöxtunina m.v. markaðsvirði. Arnaldur sagðist hafa gert tilraun í kynningu ársreikningsins að fara yfir kostnaðarhlutfall Frjálsa í fyrra í samanburði við alla aðra sjóði og vísaði hann aftur í þá umfjöllun. Ástæðan fyrir því að hann hefði borið rekstrarkostnaðarhlutfall Frjálsa saman við aðra sjóði en Stefán hefði gert væri sú að hans samanburður væri við sjóði sem væru sambærilegir Frjálsa sem ekki ætti við um samanburð Stefáns. Varðandi veltuna sagði Arnaldur að um helmingur hennar væri vegna breytinga á fjárfestingarstefnu. Hjörleifur myndi fara betur yfir breytingar á fjárfestingarstefnunni í yfirferð sinni á eftir. Þá benti Arnaldur á að 75% af veltunni væri vegna kaupa eða sölu úr sjóðum en Frjálsi í krafti stærðar þarf ekki að greiða neinn mun á kaup- og sölugengi þar sem hann fengi 100% afslátt af því. Kostnaður vegna viðskipta með einstök verðbréf hefði numið 31 milljón króna í fyrra sem væri 0,01% af eignum sjóðsins. Arnaldur sagði að fleiri viðskipti hefðu farið í gegnum aðra miðlun en miðlun Arion banka. Varðandi samanburð á ávöxtun samtryggingarsjóða þá væri fjárfestingarstefna Frjálsa tryggingadeildar íhaldssamari (varfærnari) en hjá flestum sjóðum vegna samsetningar réttinda. Vilji stjórnar væri að hafa íhaldssama stefnu þar sem markmið samtryggingardeildar væri að varðveita réttindi en ekki endilega að ná sem hæstri ávöxtun. Í séreign geti sjóðfélagar hins vegar valið fjárfestingarstefnu með mismunandi áhættu. Þetta þýðir að þegar hlutabréfamarkaðir gera vel, mun tryggingadeild Frjálsa verða með lægri ávöxtun en lífeyrissjóðir sem eru með hærra vægi hlutabréfa. Arnaldur sagði að Yngvi hefði nefnt að ávöxtun yfir þriggja ára tímabil hafi verið hærri hjá LIVE og Almenna. Frjálsi leggi hins vegar áherslu á að ná góðri langtímaávöxtun og hefði gert vel í langtímaávöxtun m.v. sjóði samkeppnisaðila þegar búið væri að draga allan kostnað frá eins og Hjörleifur hefði kynnt. Arnaldur sagði að úttekt Gylfa Magnússonar á ávöxtun samtryggingardeildar væri frábær samantekt á ávöxtun lífeyrissjóða og skýrslu hans væri að finna á vefsíðu Frjálsa. Gylfi notaði nokkrar aðferðir við að meta ávöxtun lífeyrissjóðanna, m.a. bókfært virði, sem væri þó ekki góð aðferð. En hann reikni ávöxtun líka m.v. innra virði og þar væri Frjálsi í 11. sæti af 25 lífeyrissjóðum, ef hann mundi rétt. Svo væri mikilvægt að hafa í huga í þessum samanburði að tekið væri tillit til ávöxtunar þeirra sjóða sem hafi sameinast inn í Frjálsa fyrir sameiningu þeirra. Arnaldur tók sem dæmi Lífeyrissjóð Bolungarvíkur sem sameinaðist Frjálsa 2006, en ávöxtun Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur frá 1998 til 2006 hefði verið tekin með inn í útreikning langtímaávöxtunar Frjálsa og drægi hana niður. En það gæfi villandi mynd af ávöxtun þeirra fjölmörgu sjóðfélaga Frjálsa sem hefðu aldrei verið í Lífeyrissjóði Bolungarvíkur. Arnaldur sagði að það væri ekki eingöngu ávöxtun samtryggingadeilda sem hefði áhrif á það hvaða lífeyri fólk fær fyrir iðgjöldin sín heldur einnig kynjasamsetning og örorkubyrði. Þetta þyrfti að hafa í huga þegar verið er að meta lífeyrissjóði og það væri óskandi ef einhver myndi taka að



sér að gera rannsókn á hvaða lífeyri fólk fær fyrir iðgjöldin sín í mismunandi sjóðum. Arnaldur áréttaði að markmið Frjálsa væri að þurfa ekki að skerða réttindi í samtryggingu en ekki endilega að ná sem hæstri ávöxtun á samtryggingarhlutann. Séreignadeildirnar hefðu aftur á móti ávöxtunarmarkmið.

Hjörleifur útskýrði hvernig eignastýringin hefði unnið og hvað fælist í virkri stýringu. Það væri ekki endilega að velja alltaf dýrari sjóði, heldur þá sem væru vænlegastir til árangurs hverju sinni. Virk stýring á heildareignasafni Frjálsa er milli og innan eignaflokka. Hann kvaðst hafa starfað við þennan sjóð síðan 2003 með einhverjum hléum þó og staðreyndin er sú að ef við myndum taka öfgakennt dæmi eins og 2007 þá var það ekki sérstakt ár með tilliti til ávöxtunar en við nýttum okkur vikmörk til að draga úr áhættu, en að sama skapi á innlendum hlutabréfamarkaði var mikil ávöxtun, farið var úr áhættumeiri eignum. Þetta gerði það að verkum að ávöxtun varð betri eftir hrun en hjá samanburðarsjóðum. Þetta hefur skilað árangri til lengri tíma. Hjörleifur sagði að fjárfestingarstefna væri breytileg, sjóðurinn eins og LSBÍ væri passívur í dag en var þyngri í hlutabréfum fyrir efnahagshrun.

Yngvi gerði athugasemdir við staðhæfingu Arnaldar um að kaup og sala Frjálsa í sjóðum kosti ekki neitt í ljósi þess að innan viðkomandi sjóða myndist kostnaður sem Frjálsi borgar fyrir og kæmi fram í lægri ávöxtun viðkomandi sjóðs.

Arnaldur sagði að almennt væri munur á kaup- og sölugengi í sjóðum sem fæli í sér kostnað við að kaupa og selja í sjóði. Frjálsi fengi 100% afslátt af þessum kostnaði. Það væri svo ýmis kostnaður innan viðkomandi sjóða, t.d. umsýsluþóknun og viðskiptakostnaður sem væri ekki hluti af veltu Frjálsa. Kostnaður Frjálsa vegna eigna í sjóðum hefði verið 0,23% af hreinni eign Frjálsa eins og farið var yfir í kynningu ársreiknings.

Umræðum um skýrslu stjórnar og ársreikning lauk kl. 19:10.

3. Kosning stjórnar og varamanna

Gestur fundarstjóri sagði frá því að dregið hefði verið um röð á ræðum frambjóðenda í sæti aðalmanna í stjórn Frjálsa, en hér má sjá glærur frambjóðenda:

1. [Anna Sigríður Halldórsdóttir](#)
2. [Halldór Friðrik Þorsteinsson](#)
3. [Björn Ingi Victorsson](#)
4. [Halldóra Elín Ólafsdóttir](#)

Gestur greindi frá því að kosnir yrðu tveir stjórnarmenn til þriggja ára. Þegar niðurstaða í kosningu aðalmanna lægi fyrir yrði gengið til kosninga í varastjórn. Frambjóðandi sem valinn yrði fengi heildarfjölda atkvæða skv. atkvæðaseðlinum hvort sem merkt væri við einn eða tvo frambjóðendur. Ef merkt væri við þrjá eða fleiri frambjóðendur teldist seðillinn ógildur. Gestur sagði að reglur um kynjakvóta ættu hér einnig við. Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið á dagskránni frestað þ.e. kosningum í varastjórn, þar til niðurstaða talningar úr kosningu aðalmanna lægi fyrir. Frambjóðendum var boðið að hafa fulltrúa sína viðstadda talningu. Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG hafði eftirlit með talningunni.

Spurt var úr sal hvort hægt væri að fá upplýsingar um hagsmunatengsl frambjóðenda við Arion banka. Gestur fundarstjóri sagði það gæti verið flókið mál í framkvæmd.

5. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur Frjálsa kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar á tryggingadeild sjóðsins m.v. 31.12.2019 og vísast nánar til [glærukynningar hans](#). Bjarni fór yfir forsendur athugunarinnar. Helstu forsendur útreikninga væru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998. Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífslíkur. Ef talið er að aðrar forsendur en staðalforsendur eigi betur við í viðkomandi sjóði er tryggingastærðfræðingi heimilt að nota aðrar forsendur. Ef vikið er frá staðalforsendum ber einnig til samanburðar að reikna eftir staðalforsendum. Fyrir Frjálsa er vikið frá staðalforsendum með lækkuð örorkutíðni. Fjármálaráðuneytið gaf út nýjar staðalforsendur árið 2019. Breyting frá þeim forsendum sem notaðar voru fyrir Frjálsa árið 2018 felst í breytingu á lífslíkum. Lífslíkur voru byggðar á reynslu lífeyrissjóða 2010-2014 en voru uppfærðar til samræmis við breytingu hjá þjóðinni allri frá 2010-2014 til 2014-2018. Niðurstaðan var sú að áunnin staða Frjálsa breyttist úr 5,5% í 7,1%, framtíðarstaða var 2,5% og heildarstaða var 1,6% og batnaði frá árinu á undan.

6. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2020 og vísast nánar til [glærukynningar hans](#). Hjörleifur fór yfir áherslubreytingar stjórnar milli ára í fjárfestingarleiðum Frjálsa. Hlutfall erlendra fjárfestinga var aukið líkt og á síðasta ári. Fjölbreytni erlends eignamengis var aukin enn frekar, sérhæfðar erlendar fjárfestingar koma inn í fjárfestingarmengið. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa. Óskráðar innlendar fjárfestingar vega minna. Dregið úr vægi innlendra

ríkisskuldabréfa og innlána. Aukin áhersla á sértryggð skuldabréf, skuldabréf traustra fyrirtækja og veðskulda-
bréf. Sjóðfélagalán hafa náð ákveðnu jafnvægi eftir miklar hækkanir síðustu ár. Vikmörk aðlöguð í samræmi
við áherslubreytingar. Hjörleifur sýndi hlutfall erlendra eigna eftir leiðum. Hann fór yfir samanburð á fjár-
festingarstefnum samtryggingardeilda og séreignardeilda Frjálsa, Almenna og Íslenska lífeyrissjóðsins, og
áréttaði að mikilvægt væri að hafa í huga að þessir sjóðir væru ekki með nákvæmlega sömu stefnu.

7. Kjör endurskoðanda

Samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa tillögur um endurskoðanda að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku
fyrir ársfund. Tillaga var gerð um KPMG sem endurskoðanda sjóðsins.

Samþykkt samhljóða.

2. Kosning aðalmanna í stjórn, framhald

Því næst kynnti fundarstjóri niðurstöður í kjöri aðalmanna til þriggja ára.

Niðurstaða um fjölda atkvæða:

Björn Ingi Victorsson	18.480.303.230
Anna Sigríður Halldórsdóttir	17.768.088.203
Halldór Friðrik Þorsteinsson	10.176.066.085
Halldóra Elín Ólafsdóttir	9.666.710.661
Auðir og ógildir	- 0
Samtals greidd atkvæði	56.091.168.179

Björn Ingi Victorsson og Anna Sigríður Halldórsdóttir voru því réttkjörin í stjórn sjóðsins til næstu tveggja ára.

4. Kosning varamanna í stjórn

Gestur fundarstjóri greindi frá að dregið var um röð á kynningarræðum frambjóðenda til varastjórnar.

Eftirtaldir skiluðu inn framboðum í varastjórn:

1. [Helga Jóhanna Oddsdóttir](#)
2. [Halldóra Ólafsdóttir](#)
3. [Brynhildur Georgsdóttir](#)

Fundarstjóri skýrði út að kosinn yrði einn varamaður til þriggja ára. Velja skyldi einn frambjóðanda með því að krossa eða haka í kassann við hlið nafns frambjóðanda. Ef merkt væri við tvo eða fleiri frambjóðendur teldist seðillinn ógildur. Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið dagskrárinnar frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir. Starfsmenn rekstraraðila önnuðust talningu og var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa viðstadda. Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG hafði eftirlit með talningunni.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum - sjóðsins fyrri hluti

Fundarstjóri sagði að nú væri um nokkuð flókinn dagskrárlíð að ræða. Breytingartillögur á samþykktum komi frá stjórn en borist hefðu tvær breytingartillögur frá sjóðfélögum. Annars vegar frá Halldóri Friðriki og hins vegar frá Jónasi Fr. Jónssyni. Gestur sagði að til að tillögur um breytingar á samþykktum fáiast samþykktar þurfi samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillaga Jónasar um breytingar á gr. 4.1 og 4.1.a væru um sama efni og breytingartillögur stjórnar á gr. 4.1., 4.2. og 4.3 og því yrði að kjósa á milli þeirra. Þar sem að tillaga Jónasar gangi lengra verði fyrst kosið um hana. Verði hún felld þarf að kjósa um tillögur stjórnar til breytinga á gr. 4.1, 4.2 og 4.3. Sjá nánar um samþykktabreytinga tillögur hér:

[Samþykktabreytinga tillögur á heimasíðu sjóðsins](#)

Orðið var gefið laust um tillögur til breytinga á samþykktum.

Magnús Pálmi Skúlason, stjórnarmaður í Frjálsa óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og þakkaði Halldóri Friðrik fyrir samstarfið. Magnús Pálmi sagðist andmæla breytingartillögum Jónasar, sem hann taldi ólýðræðislegar og til þess fallnar að ekki gætu allir sjóðfélagar Frjálsa kosið. Hægt væri að hringja í alla sjóðfélaga EFÍA, en það væri ekki mögulegt í Frjálsa. Stjórnin vildi frekar fara varfærin skref í rétta átt, en bjóða bæði upp á kosningu á pappír og með rafrænum hætti, slíkt kerfi væri hins vegar ekki til. Magnús sagði mögulegt að aðlaga kerfi t.d. hollenskt kerfi sem hefði verið til skoðunar. En það tæki tíma. Stjórnin vildi tryggja að sjóðfélagar yrðu ekki útilokaðir frá kosningum. Eins hefði sjóðfélagi óskað eftir því á síðasta ársfundi að farin yrði varfærin leið í innleiðingu á rafrænum kosningum. Það þyrfti að vera hægt að grípa til hefðbundinna kosninga ef upp kæmi skyndilegur öryggisbrestur eða þjónustuaðili hætti rekstri rafræns kosningakerfis en

tillaga Jónasar feli í sér að það verði skylt að halda rafrænar kosningar. Magnús gagnrýndi að lokum greinaskrif um sjóðinn í fjölmiðlum, sem hann kallaði „kjaftæði“.

Jónas Fr. Jónsson benti á að tilvik sem falli undir „force major“ gæfu sjóðnum heimildir til að grípa til skriflegra kosninga ef svo bæri undir. Þá nefndi hann einnig mikilvægi þess að samþykktir kveði á um hvenær kosning fari fram og um skipun kjörstjórnar en tillaga stjórnar fæli í sér að stjórn gæti ákveðið tímasetningu rafrænna kosninga.

Yngvi Óttarsson óskaði eftir að varaformaður stjórnar útskýrði hvað hann ætti við með hugtakinu „kjaftæði,“ með vísun í blaðgreinar um sjóðinn.

Halldór Friðrik Þorsteinsson sagði að það væri greinilegt að Magnús Pálmi vildi ekki rafrænar kosningar og hann teldi umboðasöfnun vera ásóknarverða. En það ætti að hugsa um þessar kosningar út frá sjóðfélögum. Ekki þyrfti að óttast rafrænar kosningar, þetta væri lýðræðislegur kosningamáti og eina leiðin til að gefa 60 þúsund sjóðfélögum kost á að kjósa. Halldór sagði að það færi fækkandi í salnum og það hlyti að vera óhugur í sjóðfélögum vegna þess hvernig Magnús Pálmi talaði, það hefði verið ráð að streyma frá þessum fundi til að leyfa fólki að sjá hvernig umræðan hefði verið. Þetta væru ljótir þöggunartilburðir. Halldór Friðrik sagðist vilja rafrænar kosningar, að fundinum væri streymt.

Gengið var til skriflegra kosninga um breytingartillögu Jónasar á greinum nr. 4.1, 4.2 og 4.3. sem og breytingartillögu Halldórs Friðriks Þorsteinssonar á grein nr. 4.6. Fundarstjóri útskýrði hvaða atkvæðaseðil skyldi nota fyrir breytingartillögurnar, seðla nr. 1 og 2.

Þessum lið á dagskránni var því næst frestað þar til niðurstaða talningar um breytingartillögu Jónasar og Halldórs lægi fyrir. Talning fór fram undir eftirliti Soffíu Björgvinsdóttur hjá KPMG.

4. Kosning varamanns í stjórn, framhald

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu kosninga um varamann í stjórn.

Niðurstaða:

Helga Jóhanna Oddsdóttir 17.253.178.296

Brynhildur Georgsdóttir 7.054.891.108

Halldóra Elín Ólafsdóttir	2.923.700.125
Auðir og ógildir seðlar	- 0
Samtals	27.231.769.529

Réttkjörinn varamaður í stjórn var Helga Jóhanna Oddsdóttir til næstu þriggja ára.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum - seinni hluti

Helga Sveinbjörnsdóttir kynnti eftirfarandi tillögur um breytingar á samþykktum stjórnar.

Sjá nánar um samþykktabreytinga tillögur hér:

[Samþykktabreytinga tillögur á heimasíðu sjóðsins](#)

8. Laun stjórnarmanna

Stjórnarlaun aðalmanna

Lagt var til að stjórnarlaun aðalmanna yrðu óbreytt, 185.000 kr. á mánuði, og að laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanns. Auk þess var lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir verða fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern aukafund sem yrði haldinn umfram reglubundna stjórnarfundu skv. starfsfáætlun stjórnar. Ekki verður greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Tillaga um óbreytt laun stjórnarmanna samþykkt samhljóða.

Stjórnarlaun varamanna

Lagt var til að stjórnarlaun varamanna verði óbreytt þ.e. helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna verði að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns. Áður en tillagan var lögð fram kom athugasemd frá sjóðfélaga því láðst hafði að tilgreina í tillögunni „fyrir hvern setinn fund“ og var þeim hluta málgreinarinnar bætt við áður en endanleg tillaga var lögð fram.

Tillaga um óbreytt laun varamanna samþykkt samhljóða.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins - framhald

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu kosningar um breytingartillögu Jónasar á grein 4.1 og 4.1 a.

Niðurstaða:

Já	9.066.441.382	35%
Nei	15.997.169.200	65%
Auðir og ógildir seðlar	774.040.448	3%
Samtals	25.837.651.030	

Breytingartillaga Jónasar Fr. Jónassonar á grein 4.1 og 4.1 a. var því felld.

Því næst kynnti fundarstjóri niðurstöður kosningar um breytingartillögu Halldórs Friðriks Þorsteinssonar á grein 4.6.

Niðurstaða:

Já	9.603.562.676	37%
Nei	15.470.590.375	60%
Auðir og ógildir seðlar	772.598.778	3%
Samtals	25.846.751.829	

Breytingartillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar á grein 4.6. var því felld.

Gengið var til skriflegrar kosningar um breytingartillögu stjórnar á grein nr. 4.1, 4.2 og 4.3.

Talning fór fram undir eftirliti Soffíu Björgvinsdóttur frá KPMG.

Fundarstjóri leitaði athugasemda fundarmanna við þá fyrirætlun sína að bera aðrar breytingartillögur stjórnar undir fundinn með handaruppréttingu. Engar athugasemdir voru gerðar. Voru breytingartillögur við eftirfarandi greinar samþykktar samhljóða með handaruppréttingu:

- Grein 3.2.
- Grein 3.3.
- Grein 3.4.
- Greinar 4.1.a, 4.4.-4.11. og 4.12.-4.15.
- Grein 8.2.
- Grein 8.7.
- Grein 9.1.
- Grein 9.8.
- Greinar 10.6. og 10.7.
- Grein 11.3.
- Grein 11.12.
- Grein 11.13.
- Grein 15.2.
- Grein 16.2.
- Grein 17.1.

9. Önnur mál

Arnaldur Loftsson kynnti stuttlega fyrirhugað fyrirkomulag rafrænna kosninga og vísast til [glærukynningar hans](#). Heimild til að hafa rafrænar kosningar kom í samþykktir sjóðsins á ársfundi 2019. Heimilt er að nýta rafrænar kosningar í stjórnarkosningum og við samþykktabreytingar og setur stjórn nánari reglur um rafræna atkvæðagreiðslu. Reglur myndu kveða t.d. á um tímasetningu kosninga og hvað hún næði yfir langan tíma. Skoðuð hafa verið íslensk og erlend kerfi sem bjóða upp á rafrænar kosningar. Reynsla er af notkun kerfanna hér á landi. Sjóðfélagar geta nálgast kosningakerfin í gegnum app eða vefsvæði. Rafræn skilríki eða lykilorð notuð til innskráningar í kerfin og hægt væri að nýta Mínar síður sjóðsins fyrir auðkenningu með rafrænum skilríkjum til að nálgast lykilorð. Arnaldur sagði að hægt yrði að bjóða sjóðfélögum upp á að fylgjast með ársfundum í gegnum vef/app. Sjóðfélagar sem mæti á ársfund en hafi ekki snjallsíma geti fengið tæki til að nýta í rafrænum kosningum á fundinum ef kosningar fara fram á fundinum sjálfum. Sjóðfélagar geti gefið öðrum

umboð kjósi þeir svo, í samræmi við samþykktir sjóðsins. Umboðin skuli send/afhent sjóðnum og atkvæðavægi þeirra bætt við atkvæðavægi umboðshafa. Mögulegt væri að hafa atkvæðin aðskilin í erlenda kerfinu ef umboðshafi vill kjósa með mismunandi hætti fyrir sig og umboðsgjafa. Skoða þyrfti með hliðsjón af tímasetningu kosninga hvenær umboð þyrftu að hafa borist sjóðnum. Stjórn mun meta hvort skipun kjörnefndar sé nauðsynleg. Haft að leiðarljósi að með rafrænum kosningum sé enginn sjóðfélagi útilokaður frá því að geta tekið þátt í atkvæðagreiðslum á ársfundi. Stjórn stefnir á að hafa kosningar rafrænar á næsta ári en frekari rýni á kosningakerfum og öryggi þeirra er eitt af verkefnum næsta starfsárs, sagði Arnaldur.

Axel Helgason kvaðst dapur yfir því að menn hafi ekki fengið að setja upp glærur á ársfundi, mjög bagalegt. Þá kæmu umboðssafnanir fyrir kosningar honum einkennilega fyrir sjónir og óskaði hann eftir lista yfir það atkvæðamagn sem framkvæmdastjóra og stjórnarformaður hefðu farið með. Honum fyndist þetta ójafn leikur og mjög galið að hafa engar veitingar á svo löngum fundi.

Ásdís Hannesdóttir formaður stjórnar sagðist vera búin að vera lengi sjóðfélagi en ekki vera með neitt annað umboð en barna sinna og maka.

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri sagðist eingöngu hafa kosið fyrir sjálfan sig.

Því næst kynnti fundarstjóri niðurstöður kosningar um breytingartillögu stjórnar á greinum nr. 4.1, 4.2 og 4.3

Niðurstaða:

Já	15.915.183.181, 64,5%
Nei	8.769.134.795, 35,5%
Auðir og ógildir seðlar	1.441.670, 5,8%
Samtals	24.685.759.646

Breytingartillaga stjórnar á greinum 4.1, 4.2 og 4.3. var því felld, þar sem hún náði ekki 2/3 hluta greiddra atkvæða.


Yngvi Óttarsson, þakkaði Ásdísi fyrir að upplýsa um hvaða umboð hún hafi verið með. Óskaði jafnframt eftir upplýsingum um atkvæðamagn á bak við umboð annarra stjórnarmanna.

Ásdís Hannesdóttir, baðst afsökunar á því að bjóða ekki upp á neitt, það hafi verið ráðstöfun vegna Covid-19. Hún þakkaði Halldóri Friðrik Þorsteinssyni fyrir góða þátttöku í stjórn og þakkaði Halldóru fyrir sína þátttöku í varastjórn. Hún bauð Björn Inga Victorsson velkominn í stjórn sem og Helgu Jóhönnu Oddsdóttur í varastjórn sjóðsins.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögu-mönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrár-mála.

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið og sleit hún fundi kl. 21:40


Gestur Jónsson
Fundarstjóri


Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari